



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/473**  
**komudagur 2.12.2013**

Reykjavík 2. desember 2013

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið, 17. mál.**

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir tillögu til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið og hafa eftirfarandi athugasemdir:

Samtök ferðaþjónustunnar eru sammála því að aðgerða sé þörf þar sem vegakerfið um hálendið er að grotna niður. Með viðhaldsleysi ógnar ástand hálendisvega ferðaþjónustu á svæðinu og þeirri nýsköpun sem þar gæti átt sér stað.

Í umræðum um uppbyggingu á Kjalvegi s.l. voru sendu SAF bréf á innanríkisráðherra þar sem eftirfarandi kom fram

- ***Vegurinn verði nú þegar lagður til bráðabirgða þannig að umferð geti gengið greiðlega fyrir sig um veginn í sumar og til að koma í veg fyrir utanvegaakstur sem hefur aukist mikið vegna slæms ástands vegarins.***
- ***Tekin verði ákvörðun um að vegurinn verði endurbyggður í núverandi vegstæði eins og svæðisskipulag miðhálendisins gerir ráð fyrir.***
- ***Vegurinn verði uppbyggður ferðavegur og getur þannig verið opinn í 6-8 mánuði á ári.***

Fyrrgreind atriði eru í fullu gildi og eiga við jafnt um Kjalveg og aðra stofnvegi á hálendinu sem eru auk Kjalvegs, Kaldadalsvegur, Sprengisandsleið og Fjallabaksleið nyrðri

Samtökin eru því sammála að fyrrgreindir hálendisvegir verði uppbyggðir, en að það verði gert skv. C2 staðli Vegagerðarinnar og í núverandi vegstæði. Aðrir vegir á hálendinu fái þá aðra skilgreiningu og verða nýttir í samræmi við skilgreinda umferð.

Í umsöng SAF að landsskipulagi kom eftirfarandi fram varðandi verndarheildir:

Samtökin fagna því að á miðhálendinu séu aðeins tvö mannvirkjabelti sem miðast við Kjöl og Sprengisand en telja þó að mannvirkjabeltin eigi að vera hluti af einni verndarheild miðhálendisins. Samtökin telja að ein verndarheild fyrir allt miðhálendið, í stað þriggja sé besti kosturinn til að huga að verndarhagsmunum hálendisins í heild. Með eina verndarheild skapast einnig möguleikar á einfaldara skipulagi við stjórnsýslu þjóðgarða og þjóðlenda. Ef mannvirkjabelti eru hluti af verndarheild miðhálendisins er hægt að setja upp ákveðnar takmörk fyrir mannvirkjagerð.

Virðingarfyllst

Gunnar Valur Sveinsson  
Samtök ferðaþjónustunnar